Rætt við Baltasar um myndlist og mannlíf

Að mála ekki eins og kalkipappír

„Ég ákvað einfaldlega að lifa á víxlum í næstum því eitt ár, og gera lítið sem ekkert nema mála fyrir þessa sýningu. Fyrir sýninguna í Bogasalnum 1972 hafði ég verið að teikna og skreyta blöð og bækur, t.d. fyrir Ríkisútgáfu námsbóka og Morgunblaðið, og þetta truflaði mig. Þannig hef ég getað einbeitt mér betur að formun þessarar sýningar. En það hefur kostað alveg svakalega vinnu, allt að 12 til 14 tíma á sólahring".

● Baltasar þekkja líkast til allir Íslendingar, sem á annað borð hafa augu í höfðinu, af myndum hans og teikningum í blöðum og bókum gegnum árin. En með sýningu þeirri sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum, — og lýkur raunar í kvöld-, kemur þessi íslenzki Katalóníumaður fram í breidd og margbreytni myndanna sem geysilega fjölhæfur listmálari.

„Kjarvalsstaðir eru líka virkilegur leikvöllur," sagði Baltasar, þegar Morgunblaðsmaður ræddi við hann nú fyrir helgina. „Salur eins og Bogasalurinn þrengdi svolítið að manni."

Að teygja úr sér


En auðvitað fylgja því ýmis vandkvæði að vera allt í einu kominn með myndirnar sínar í sal af þessari stærð. „Mér þykir það svolítið skrýtið," sagði Baltasar," að Félag íslenzkra myndlistarmanna skyldi ekki athuga að reyna að fá a.m.k. tveimur kvöldum ráðstafað fyrir listamanninn áður en hann setur sýninguna upp til þess eins að hann geti kannað hve margar og hvernig myndir hans falla inn í salinn. Þetta er tóm ágizkun eins og þetta er núna. Þannig hef ég aldrei áður séð Kristsmyndirnar þrjár saman og vissi ekki hvernig þær færu, fyrr en ég fór að hengja málverkin upp fyrir opnunina. Það er hreinasta slembilukka hvort maður nær einhverjum heildarsvip á sýninguna."

Þótt salurinn á Kjarvalsstöðum veiti mikla möguleika er Baltasar þó ekki alls kostar ánægður með aðstöðuna. „Ég vil ekkert vera að ráðast á arkitektinn. Þetta er aðeins smápróblem með lýsinguna. Það bjargar mér raunar að ég er með svo margar stórar myndir, en fyrir litlar myndir skapar lýsingin svolítið vandamál. En ég er ánægður með, að í þessum sal getur sýningin verið vel stór án þess þó að vera gígantísk. Hérna getur maður teygt dálítið úr sér."

Draummyndir

„Áður en ég mála mynd fer ég yfirleitt að hugsa um ákveðna stemmningu, andrúmsloft sem hefur leitað á mig. Síðan fer ég beinlínis að leita að mótífi sem getur miðlað og byggt upp þessa stemmningu, eins og þegar tónskáld byggja upp sín verk með allegró eða moderató og því öllu."

„Ég mála 80% eftir minni," sagði Baltasar. „Stundum dreymir mig mótíf í fullum lit og innrömmuð. En þegar ég fer t.d. út í náttúruna þá tek ég aðeins með mér blýant og pappír. Mér finnst það ekki passa fyrir mig að mála eins og kalkipappír. Eg vil láta mótífin gerjast, láta minninguna hreinsa úr öll minniháttar atriði þannig að mótífin fá að streyma inn í mig og litir og andrúm geti mótast frjálst. Þannig líða oft margar vikur frá því að ég finn stemmninguna og mótífið, frá því ég segi til dæmis við sjálfan mig að helvíti væri gaman að mála svartan hest á svona litgrunni, þangað til ég fer af stað með myndina sjálfa."



Baltasar í sýningarsalnum að Kjarvalsstöðum með Kristsþríleikinn í baksýn. Sýningunni lýkur kl. 10 í kvöld. (Ljósm. Mbl.: Ól. K. Mag.)

Að verða Íslendingur

„Ég er nú búinn að vera 11 ár á Íslandi," sagði Baltasar þegar hann var spurður um hlut Íslands í mótun hans sem listamanns og manns. „Og þessi tími hefur verið bezta skeið ævi minnar. Allir stærstu viðburðirnir í lífi mínu hafa gerzt hér, — gifting, börn, stofnun heimilis. Þetta, og ferðalög og kynni mín af landinu, hlýtur að hafa gert mig að Íslendingi, þótt sú skólun sem ég fékk á Spáni, og sá spánski bakgrunnur sem ég óx upp úr, hafi enn sitt að segja."

Alla vega kvað Baltasar nú svo komið, að hann væri að fara að heiman þegar hann færi frá Íslandi, jafnvel þótt væri til bernskuhéraðsins Katalóníu, en þangað fer hann alltaf öðru hvoru. Katalóníumenn og Íslendinga segir hann raunar eiga svo mikið sameiginlegt, að áhrif beggja þátta blandist „bara anzi vel".

Vellystingar og næturrölt

„Raunar held ég að við Katalóníumenn séum meirihluti þeirra Spánverja sem hér eru búsettir. Eins og Íslendingar eru þeir rólegt fólk, lógískt og friðarsinnað. Bæði Íslendingar og Katalóníumenn eru dálítið passasamir með peninga, og um leið obbolítið peningagráðugir, að því marki að báðir kunna að meta að lifa vel. En þeir eru líka andlega sinnaðir. Og báðir eru stundum þurrlegir í viðmóti fyrst í stað."

Vindur og haf setja líka svip sinn á líf og lunderni Katalóníumanna, sagði Baltasar. „En ekki hvað sízt eru báðir feikilega duglegir og þeim þykir gaman að lifa á nóttunni. Eins og á Íslandi eru allir til í tuskið fram undir morgun".

Þá spurði Morgunblaðsmaður hvort Katalóníumenn hefðu dálæti á brennivíni á borð við Íslendinga.

„Nei, að vísu ekki," svaraði Baltasar að bragði og hló hrossahlátri, „en það venst fljótt."

Að vita hvenær nóg er komið

„Þetta er brauðstrit," segir Baltasar þegar hann er spurður



„Rismál í Hegranesi."



Baltasar við „Stolt".